

Fundargerð

48. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn mánudaginn 26. maí 2014 kl. 13:30 í fundarsalnum SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Elfur Logadóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir

Garðabær:

Stefán Snær Konráðsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Gunnarsson

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

Sigurbjörn Hjaltason

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. **Viðbrögð við umsögnum við tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins á vinnslustigi.**

Tillaga að viðbrögð við innkomnum athugasemdum við tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga voru lögð fram ásamt vinnuskjali með tillögum að breytingum á tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur að með viðbrögðum við umsögn Skipulagsstofnunar og annarra aðila þá hafi tillagan tekið jákvæðum breytingum. Að þeim gerðum telur svæðisskipulagsnefnd að tillaga að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 sé tilbúin til auglýsingar skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðisskipulagsnefnd leggur áherslu á að breið samstaða sé um tillöguna og leggur því til að ný svæðisskipulagsnefnd leiti formlegra staðfestingar sveitarfélaganna strax að loknum kosningum.

2. **Næstu skref í verkefnum svæðisskipulagsnefndar.**

Hrafnkell lagði fram tillögu að verkefnum sem tengjast endurskoðun svæðisskipulagsins.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur skrifstofu SSH að hefja vinnu við fyrstu fjögurra ára þróunaráætlun.

3. **Önnur mál**

Páll Hjaltason þakkaði gott og árangursríkt samstarf á kjörtímabilinu.

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.